



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Ævintýraborg Vogabyggð

Starfsáætlun 2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	4
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	5
4	Innra mat deilda	7
5	Innra mat sérkennslu.....	14
6	Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	15
7	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	17
8	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.....	18
9	Foreldrasamvinna.....	18
10	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	18
11	Fylgiskjöl	19





1 Greinargerð leikskólastjóra

Eftir að Hálsaskógur flutti frá okkur vorið 2024 hófst fyrsti veturinn þar sem við vorum ein í húsinu. Veturinn hefur verið einstaklega góður, verkefni fjölbreytt og árangurinn áþreifanlegur. Við erum farin að finna okkar takt hér í Vogabyggðinni, og það hefur skapað jákvæðan og öflugan grunn fyrir áframhaldandi uppbyggingu.

Áform voru uppi um að opna tvær nýjar deildir síðasta haust, en vegna manneklu tókst aðeins að opna eina. Í samráði við yfirmenn okkar var tekin meðvituð ákvörðun um að leggja áherslu á gæði fremur en umfang og sinna fimm öflugum deildum í stað sex. Þannig tryggðum við faglegt og stöðugt starf í vetur.

Við innleiddum einnig nýtt fyrirkomulag á vinnuviku starfsfólks þar sem hún var styttr úr 40 tímum í 36 tíma. Starfsfólk vinnur nú 39 stunda vinnuviku og safnar frídögum sem nýttir eru á svokölluðum skráningardögum. Þrátt fyrir áskoranir, m.a. vegna veikinda eftir áramót, tókst okkur að halda uppi faglegu starfi og tryggja öllum börnum vistun í að minnsta kosti hluta af þessum dögum. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og verður haldið áfram næsta vetur.

Síðasta haust byrjaði nýr sérkennslustjóri hjá okkur og hefur sú viðbót reynst afar vel og styrkt sérkennsluna til muna. Sérkennslan hefur vaxið hratt og nú eru tæplega átta stöður sem sinna henni.

Samstarf við leikskólann Steinhlíð hefur verið öflugt. Við höfum fengið aðgang að leiksvæði þeirra og tekið þátt í ræktun í matjurtagarði. Einnig sameinuðumst við hér í Vogabyggðinni til að horfa á brúðuleiksýninguna *Pétur og úlfurinn* með Bernd Ogródnik – upplifun sem börnin nutu vel.

Um síðustu áramót var stofnað foreldrafélag við leikskólann og hefur það frá upphafi verið virkt í að efla tengsl og samfélag milli heimilis og skóla. Á liðnu skólaári stóð félagið fyrir fjölbreyttum og skemmtilegum viðburðum, svo sem piparkökumálun fyrir jólin, sveitaferð fyrir börn og foreldra í vor, auk þess sem það styrkti bæði brúðuleiksýninguna *Pétur og úlfurinn* og heimsókn Krakkahesta. Við viljum þakka foreldrafélaginu innilega fyrir þennan frábæran stuðning og gott samstarf.

Þetta er auðvitað aðeins lítið brot af því fjölbreytta og skemmtilega starfi sem hefur átt sér stað í vetur. Börnin hafa notið þess að hjóla á glæsilegu hjólunum okkar og hreyfing er í hávegum höfð á öllum deildum, þar sem bæði leik og jóga er fléttað inn í daglegt starf.

Við höldum einnig vel heppnaða sumarhátíð þar sem Krakkahestar komu í heimsókn að morgni og foreldrum var boðið í skruðgöngu og pylsupartýi eftir hádegi. Þátttakan var einstök – nánast allir foreldrar sáu sér fært að mæta. Skruðgangin náði á tímabili yfir báðar brýrnar okkar og skapaði skemmtilega stemningu.

Ég horfi bjartsýn fram á veturinn og hlakka til að takast á við ný og spennandi verkefni í góðri samvinnu við það frábæra og faglega starfsfólk sem starfar hér í Vogabyggðinni. Með samstilltu átaki og jákvæðu hugarfari erum við vel í stakk búin til að efla leikskólastarfið enn frekar á komandi misserum.

Takk fyrir frábæran vetur 😊





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Sumarhátíð	Rætt á deildarstjóra-fundi	Deildarstjórar	Við ákváðum að hafa foreldra með í skráðgöngu og það verður líka á næsta ári.
Matsalur	Á starfsmannafundi	Starfsmenn	Fækka borðum og starfsfólki í matsalnum. Aldursskiptum hádegismatun eftir ákveðnum tímum.

Ytra mat

Viðhorfsskönnun foreldra á vegum SFS

Í lok mars og byrjun apríl 2025 var framkvæmd foreldrakönnun á vegum SFS. Alls svöruðu 52 manns könnuninni eða 83,9 % þeirra sem fengu hana senda. Ekki er annað að sjá en að foreldrar séu nokkuð ánægðir með skólann okkar. Hér að neðan má sjá að meðalskor okkar hefur hækkað í flestum liðum.

Þáttur	2025	Reykjavík heild 2025	2023
Heildaránægja	4,57	4,51	4,24
Barninu líður vel í leikskólanum	4,6	4,6	4,57
Tel barnið öruggt í leikskólanum	4,6	4,6	4,24
Vingjarnlegt andrúmsloft	4,7	4,5	4,26
Skólanum er vel stjórnað	4,43	4,33	4,07

Hámark er 5





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Handleiðsla deildarstjóra	Halda áfram að innleiða stefnu Reykjavíkurborgar um handleiðslu í starfi fyrir deildarstjóra	Aðstoðar. hittir deildarstjóra nokkrum sinnum á önn	Aðstoðar- leikskólastjóri	Sept '25	Maí '26	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið.	Öruggari og faglegri deildarstjórar
Uppeldis- og menntastarf							
Ritmál - sýnilegt	Ritmál verði sýnilegt innan deilda og í sameiginlegum rýmum	Merkja efnivið með myndum og bókstöfum	Deildarstjóri	Sept '25	Maí '26	Metið með ljósmyndum	Að allur efniviður verði merktur með myndum og orðum
Málörvun fyrir alla	Að öll börn fá samverustundir við hæfi	Samverustundir verði reglulegar og markvissar	Deildarstjóri	Sept '25	Maí '26	Deildarfundum og deildarstjórufund um	Börnin taki þátt í samverustun dum og nái að fylgjast með





Innra mat							
Starfsmannaviðtöl	Almennt starfsfólk fái viðtal við leikskólastjóra einu sinni á ári en deildarstjóra tvisvar.	Leikskólastjóri setur niður tíma fyrir allt starfsfólk	Leikskólastjóri	Sep '25	Júní '26	Leikskólastjóri heldur skráningu yfir viðtölin	Betri samskipti og yfirsýn yfir líðan starfsfólks.
Snerpusamtöl	Deildarstjórar taka snerpúsamtöl við starfsfólk deildarinnar tvisvar á ári.	Deildarstjóri setur niður tíma fyrir samtölin	Deildarstjóri	Sept '25	Júní '26	Deildarstjóri heldur skráningu yfir samtölin	Betri samskipti og yfirsýn yfir líðan starfsfólks.



4 Innra mat deilda

Útskálur

Áherslur vetrarins voru jóga, Lubbastundir og útinám.

Jógastundirnar voru fastur og vinsæll liður í dagskrá vetrarins og gengu þær afar vel. Börnunum var skipt í tvo hópa eftir aldri – yngri og eldri – og fór hver hópur í jóga einu til tvisvar sinnum í viku. Í hverri stund lögðum við áherslu á að skapa rólegt og nærandi andrúmsloft þar sem börnin fengu tækifæri til að tengjast eigin líkama og anda. Við notuðum öndunaræfingar til að efla núvitund, jógaæfingar til að styrkja líkamsvitund og slökun í lokin til að stuðla að innri ró. Tímarnir byggðu að mestu á jógaþjöldum frá Hugarfrelsi, sem eru aðgengileg og hvetjandi fyrir börn.

Elstu sjö börnin á deildinni tóku þátt í Lubbastundum. Börnin sýndu mikinn áhuga og voru alltaf spennt að mæta. Í Lubba bókinni er hvert málhljóð kynnt á sjónrænan og hljóðrænan hátt – með litlum og stórum bókstaf, lagi og stuttri sögu sem leggur áherslu á viðkomandi hljóð. Hvert málhljóð hefur sitt tákni, oft byggt á tákni með tali, sem hjálpar börnunum að tengja hljóðið við hreyfingu og muna það betur. Vísurnar sem fylgja eru skemmtilegar og auðvelt að læra þær utan bókar, þar sem þær eru sungnar við þekkt og vinsæl lög. Þessi nálgun styður við málþroska barna á leikrænan og skapandi hátt og hefur reynst mjög áhrifarík í kennslu.

Skipulagt útinám hófst seint í vetur og formleg kennsla utandyra hófst ekki fyrr en á vormánuðum. En þá náðum við að nýta umhverfið okkar betur og skapa fjölbreyttar og lærdómsríkar útistundir. Við



höfum meðal annars farið í Ævintýraskógin okkar, stundað jóga þar, gengið niður að smábátahöfninni og skoðað náttúruna í Elliðaárdalnum. Börnin njóta þess að læra í gegnum leik og upplifun utandyra og við stefnum á að hefja útinámið fyrr næsta vetur með markvissari skipulagi og aukinni þátttöku.

Umbótaáætlun Útskálur


UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Jóga	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu	Að vinna markvisst með öndunaræfingar, jógaæfingar	Allir starfsmenn framkvæma.	Sept '25	Mai '26	Tileinkum okkur einfaldar öndunaræfingar og	Reglulegir deildarfundir til að meta stöðuna

	á samspili hugar og líkama og efla lífsleikni þeirra.	og slökun með börnunum.	Deildarstjóri ber ábyrgð.			jógaæfingar. Farið yfir á deildarfundum.	
Könnunarleikur	Að börnin fái að leika með og kanna verðlausan efnivið án inngrips frá kennara	Könnunarleikur einu sinni í viku, fyrir hvern hóp	Allir starfsmenn á deildinni framkvæma	Sept '25	Maí '26	Halda skráningu fyrir hvert barn eftir hverja stund, bæði ljósmyndir, video og skriflega.	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangurinn.
Útinám	Að hvert barn fari í útinám/ vettvangsferðir tvisvar í mánuði	Gerð áætlun um hvað eigi að vinna með í hverjum mánuði en unnið út frá áhugasviði barnanna hverju sinn	Allir starfsmenn framkvæma. Deildarstjóri ber ábyrgð.	Sept '25	Maí '26	Gerðar skráningar úr útinámsferðum og hengdar upp fyrir börn, foreldra og annað starfsfólk	Reglulegir deildarfundir til að meta stöðuna

Birkibær (Verður Bali 2025-2026)

Markvissar samverur í málörvun og lestrarnámi voru hluti af daglegri rútínu hjá okkur. Eftir lesturinn voru börnin spurð spurninga úr bókinni til að kanna athygli þeirra og skilning. Flest börn róuðust við upplesturinn, sýndu áhuga á lestri og svöruðu spurningum af einlægni. Við ætlum að halda áfram með þetta verkefni á næsta skólaári, 2025/26.

Við byrjuðum veturinn með því að kynna börnunum fyrir jóga í samverustundum en síðan færðum við jógaundirnar inn í hópstarfið. Í jógaundum drógu börnin jógaþjöld og æfðu þær stöður sem voru á myndunum. Jógaundirnar voru ræddar og metnar á deildarfundum með starfsfólki. Börnin sýndu mikinn áhuga á jóga og voru mjög hrifin af því. Tilgangur jógaundanna er að skapa ró á deildinni og kynna börnunum hvernig hægt sé að nota öndun og jógaæfingar til að auka vellíðan. Við munum halda áfram með þetta verkefni á næsta skólaári og bæta við endurmati á reynslu barnanna.





Á sama tíma var unnið að verkefni um sjálfbærni á deildinni. Starfsfólk hóf verkefnið með börnunum, en við mat á deildarfundum kom í ljós að börnin höfðu takmarkaðan skilning á efni og sýndu því lítinn áhuga. Því var ákveðið að hætta við þetta verkefni. Hins vegar var áfram unnið með sögustundir um sjálfbærni, meðal annars með verkefninu „umhverfið okkar“, þar sem börnin ganga um leikskólann og sjá til þess að umhverfið sé hreint.

Umbótaáætlun Bali

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun og lestrarnám	Markviss málörvun með áherslu á lestur, þar sem spyr kennari börnin spurninga upp úr bókinni.	Að vinna markvisst með lestur í samverustundu m fyrir börnin.	Deildar - stjórn og starfsfólk deildar	Sept '25	Mai '26	Endurtekning. Tvær bækur í mánuði verða lesnar fyrir börnin til að skapa samræður.	Reglulegir deildafundir til þess að meta árangurinn og þátttöku barna.
Opið efniviður	Opinn efniviður er hægt að nýta á fjölbreyttan hátt og engin útkoma er rétt eða röng. Efniviðurinn er hvetjandi, ýtir undir sköpunarkraft, ímyndunarafli og tjáningu þannig að hugmyndir barnanna fái að njóta sín.	Markmiðið með opnum efniviði er að öll börn fái að njóta sín á eigin forsendum	Deildar - stjórn og starfsfólk deildar	Sept '25	Mai '26	Hvetja til sköpunar krafts og leikgleði sem heldur öllum möguleikum opnum.	Reglulegir deildafundir til þess að meta árangurinn og þátttöku barna.
Jóga	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama	Að vinna markvisst með öndunaræfingar og jóga æfingar með börnum	Deildar - stjórn og starfsfólk deildar	Sept '25	Mai '26	Til Einkum okkur einfaldar jóga æfingar	Reglulegir deildafundir til þess að meta árangurinn og þátttöku barna.



Strönd

Áherslur vetrarins voru könnunarleikur, jóga og samverustundir.

Í upphafi voru samverustundir með öllum börnunum þar sem að kennarar og börn voru að kynnst hvort öðru og læra almennar reglur í samverustundum. Þegar leið á önnina var þessum stundum skipt niður í tvær samverustundir til þess að ná að vinna betur að því markmiði að auka m.a við málþroska barnsins, efla athygli, sjálfstæði, samvinnu og efla alhliða þroska barnsins.

Könnunarleikurinn gekk einnig vel og börnin virkilega áhugasöm. Á miðju skólaári skiptum við verðlausum efnivið út fyrir annan til þess að auka við fjölbreytileika og leyfa börnunum að kynnst nýjum efnivið. Skráning var regluleg og metið á deildarfundum með öllum starfsmönnum deildarinnar.

Jóga tímarnir byrjuðu aðeins seinna en ætlað var en þegar jóga tímarnir urðu reglulegir í starfinu gekk það mjög vel og börnin voru áhugasöm um æfingarnar og tóku virkan þátt í þeim tímum. Börnin tóku frumkvæðið af æfingum í lokin og markmiði náð að vekja athygli þeirra á öndun og þau orðin meðvitaðri um líkama sinn.



Reglulegir deildarfundir voru nýttir til þess að ræða starf deildarinnar um hvað hefur gengið vel og hvað mætti betur fara.

Umbótaáætlun Strönd

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Könnunarleikur	Að börnin fái að leika með og kanna verðlausan efnivið án inngrips frá kennara	Könnunarleikur einu sinni í viku, fyrir hvern hóp	Allir starfsmenn á deildinni framkvæma Deildarstjóri ber ábyrgð	Sept '25	Apríl '26	Halda skráningu fyrir hvert barn eftir hverja stund, bæði ljósmyndir, video og skriflega.	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangurinn.
Jóga	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama	Að vinna markvisst með öndunaræfingar og jógaæfingar með börnunum.	Allir starfsmenn á deildinni framkvæma Deildarstjóri ber ábyrgð	Sept '25	Apríl '26	Tileinkum okkur einfaldar öndunaræfingar og jógaæfingar.	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangurinn.

Samverustundir	Börnin læra að sitja saman í samverustundum. Eru oft óörugg í byrjun. Læra ný lög, hlusta og taka þátt í fjölbreyttum samverustundum.	Byrjum á einni stórrí samverustund þar sem börnin læra að sitja saman í hóp. Síðar verður skipt í tvær samverur til þess að ná að auka og efla orðaforða í litlum hópum.	Allir starfsmenn á deildinni framkvæma. Deildarstjóri ber ábyrgð.	Ágúst '25	Apríl '26	Allt starfsfólk á deildinni eru þátttekendur í að meta Nýta skráningar m.a með ljósmyndum og skriflega. Fer eftir efni samverustundanna hverju sinni.	Á deildarfundum verður rætt hvað gengur vel og hvað mætti betur fara til þess að auka við málörvun, hreyfi- og alhliða þroska barnanna.
----------------	---	--	---	-----------	-----------	---	---

Vík

Aðlögunin var skipt í fjögurra barna hópa sem byrjuðu með tveggja vikna millibili. Þetta gaf starfsfólki gott tækifæri til að kynnast bæði börnunum og foreldrum vel og byggja upp traust okkar á milli.

Starfsmannahópurinn á Vík er með fjölbreyttan bakgrunni hvað varðar starfsreynslu og áhugasvið. Það auðveldaði verkaskiptingu og nýtingu styrkleika hvers og eins í daglegu starfi.

Frá upphafi var lögð áhersla á könnunarleik og samveru sem lykilþætti í daglegri rútínu yngstu barnanna. Í byrjun var haldin ein sameiginleg samvera til að efla tengsl og kynnast hópnum, en um miðjan nóvember var barnahópnum skipt í tvo minni hópa, sem reyndist vel og skapaði betri aðstæður fyrir börnin.

Á deildinni var lögð sérstök áhersla á reglulegar göngu- og hjólaferðir, auk þátttöku í fjölbreyttum verkefnum tengdum útikennslu. Börnin fengu tækifæri til að skapa listaverk úr náttúrulegum efnivið, upplifa náttúruna í gegnum fuglasöng og vatnshljóð, sem vakti mikla gleði og þátttöku hjá öllum.





Umbótaáætlun Vík


UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Aðlögun	Foreldrar með börnunum (sbr. þátttökuaðlögun). 3 – 5 daga vikunnar. metið eftir hverjum einstakling fyrir sig.	Allir starfsmenn. Deildarstjóri ber ábyrgð.	Ágúst '25	Nóv '25	Starfsfólk metur lok aðlögunar hjá bæði börnum og foreldrum.	Liðan foreldra og barna af aðlögun.
Könnunarleikur	Könnunarleikur 4 sinnum í viku, 4 börn í hverjum hóp.	Allir starfsmenn á deildinni. Deildarstjóri ber ábyrgð	Sept '25	Apríl '26	Skráning fyrir hvert barn eftir hverja stund, ljósmyndir úr stundi	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangurinn.
Samverur	Að skipta börnunum í tvo hópa, spjalla, syngja og lesa sögur tvisvar á dag.	Allir starfsmenn á deildinni. Deildarstjóri ber ábyrgð	Sept '25	Apríl '26	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangurinn.	Liðan og áhuga barnanna. Börnin taki þátt í samverustundum og nái að fylgjast með
Útikennsla	Öll börn fá útikennslu einu sinna í viku.	Allir starfsmenn á deildinni. Deildarstjóri ber ábyrgð	Sept '25	Apríl '26	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangurinn.	Liðan og áhuga barnanna. Börnin taki þátt í útikennslu og nái að fylgjast með

Bali

Áherslur vetrarins voru Lubbi, Numicon, jóga og hreyfing.

Í Lubbastundum var hvert málhljóð kynnt bæði sjónrænt og hljóðrænt. Hvert hljóð fékk sitt tákni, oft byggt á tákni með tali, sem hjálpaði börnunum að tengja hljóðið við hreyfingu og muna það betur. Með hverju hljóði fylgdi vísa sem var sungin við þekkt lög, sem gerði námið leikrænt og skapandi. Börnin á Bala sýndu mikinn áhuga og tóku virkan þátt í þessum stundum.

Í hópastarfi var unnið með Numicon stærðfræðikubba þar sem börnin fengu að kynna ymsum stærðfræðihugtökum eins og fjölda og magni. Einnig fóru öll börn í jógaundir einu sinni í viku, þar sem





áhersla var lögð á slökun og vellíðan. Börnin æfðu mismunandi jógastöður með aðstoð mynda og slökuðu svo í lok tímans.

Við lögðum einnig áherslu á að bæta hljóðvistina á deildinni og börnin tóku virkan þátt í því. Við ræddum meðal annars hvar má tala hátt og hvar má ekki tala hátt. Þetta leiddi til þess að börnin voru dugleg að minna hvert annað á að hafa ró, þar með bætti það hljóðvistina.

Nýr deildarstjóri hefur tekið við Bala og hægt að sjá umbótaáætlun fyrir Bala undir Birkibæ.

Birkibær

Birkibær er ný deild þar með er ekki mat frá síðasta ári.

Umbótaáætlun Birkibær

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að börnin kynnist náttúrunni og efla umhverfisvitund þeirra. Auka hreyfifærni þeirra, forvitni og sköpun í tengslum við útiveruna.	Farið verður í göngu og hjólaferðir, unnið með þemu sem hafa verið skipulögð fyrir hvern mánuð út frá áhugasviði barnanna og nota myndskráningu	Deildar - stjóri og starfsfólk deildar	Sept '25	Mai '26	Skráningar úr vettvangsferðu m. Myndskráning af útiveru og verkefnum	Rætt á deildarfundum og rætt við börn um þeirra upplifun á hverju verkefni
Læsi	Að stuðla að ríkulegu mál og læsisumhverfi. Efla orðaforða, hlustun og tjáningu með lestri bóka og söng.	Daglegar sögu og söngstundir ásamt samræðum um efni bóka til að auka skilning	Deildar - stjóri og starfsfólk deildar	Sept '25	Mai '26	Skráningar á málþroska og þátttöku barna í samverustundu m.	Skráningar ræddar á deildarfundum og börn spurð út í sína upplifun.
Jóga	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili huga og líkama.	Að vinna með einfaldar jógaæfingar og öndunaræfingar með börnunum.	Deildar - stjóri og starfsfólk deildar	Sept '25	Mai '26	Fylgjast með vellíðan barna og viðbrögðum þeirra í jógastundum.	Upplifun barna rætt og metin á deildarfundum





5 Innra mat sérkennslu

Nýr sérkennslustjóri tók við störfum í byrjun hausts. Í byrjun hausts var eitt barn sem átti rétt á stuðningstímum en við lok vetursins voru börnin orðin sex. Sérkennslan fór því úr 30 tímum á viku yfir í 180 tíma. Ásamt sérkennslustjóra voru starfandi þrír sérkennarar sem voru öll á ákveðinni deild en börnin með stuðningstímana skiptust á þrjár deildir. Í byrjun sumars bættust svo við tvö börn með stuðningstíma og þau því orðin átta og tímarnir orðnir 260.

Sérkennslustjóri sá um skipulagningu stuðningstíma og röðum starfsmanna eftir þörfum barnanna. Sérkennslan fór að mestu fram á deildum barnanna með kennslu í gegnum leikinn og daglegar athafnir en hún fór einnig fram í minni hópum eða einstaklingskennslu utan deildar, eftir þörfum hvers barns fyrir sig. Sérkennslustjóri sá einnig um stök börn sem þurftu aukalega aðstoð en höfðu ekki úthlutaða stuðningstíma, svo sem eins og þau börn sem biðu aðstoðar talmeinafræðings eða þurftu aukalega málörvun.

Samkvæmt umbótaáætlun síðasta vetrar var áhersla sérkennslunnar að hafa skýrara verklag og skipulag í sérkennslunni ásamt reglulegum lausnateymisfundum. Gengið hefur vel að hafa betra skipulag í sérkennslunni og eru reglulegar skráningar gerðar í sérkennslunni. Það er þó svigrúm til þess að gera það betur og verður það því áfram í umbótaráætlun með öðrum áherslum. Lausnateymisfundir hafa verið haldnir reglulega í vetur, þar sem deildarstjórar og stjórnendur hafa byrjað á því að hittast á fundi innanhúss og í kjölfarið fundað með þjónustumiðstöð um þau börn sem þarfnast frekari aðstoðar.

Mat á sérkennslu 2024-2025

Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, AEPS, EFI-2 og Hljóm-2
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Námsefni sem var til staðar eins og spil, bækur. Svo var mikið útbúið í sérstakar málörvunarmöppur, þar sem farið var dýpra í hugtök, setningamyndun og fl.





Umbótaáætlun sérkennslu 2025-2026

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSPÁTTU R	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skýrara verklag og skipulag.	Hafa betra skipulag og yfirsýn yfir framkvæmd sérkennslu.	Bættar skráningar, betri fræðsla fyrir starfsfólk til að allir hafi vitneskju um þarfir barnanna.	Sérkenn slustjóri	Sept '25	Mai '26	Reglulegir fundir með sérkennurum ásamt deildarstjórafundum	Að sérkennarar upplifi betra öryggi og utanumhald, starfsfólk sé betur upplýst um þarfir sérkennslu barna og allir sinni þeim.
TRAS málþroska skimun	Fylgjast betur með málþroska allra barna með notkun TRAS á öllum deildum.	Deildar stjórar og aðrir kennarar fari á TRAS námskeið.	Sérkennslustj óri	Sept '25	Mai '26	Umræður á deildarstjórafundum	Betra utan umhald allra barna og snemmtæk ihlutun betur nýtt.

6 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2024-2025

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Laun starfsmanna
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Almenn málörvun er í gegnum allt starfið í þeim aðstæðum sem börnin eru í hverju sinni. Þá er lögð áhersla á að leggja orð á allar athafnir, hluti og spyrja opinna spurninga. Gefðu 10 hefur verið notað í stökum tilfellum.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Í samverustundum er unnið í að dýpka orðaforða barnanna og oft er skipt í minni hópa þar sem hægt er að vinna betur með lög og bækur sem höfðar þeirra þörfum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Í haust byrjuðum við að nota „Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla“ fyrir öll fjöltyngd börn leikskólans þar sem fylgst er með stöðu þeirra í íslensku og unnið út frá niðurstöðum þeirra.





Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, Lesið í leik, varðandi málproska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það er lögð áhersla á alla þessa hluti á fjölbreyttan hátt í daglegu starfi með börnunum.
---	---

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Staða fjöltyngra barna í íslensku	Fylgjast betur með stöðu og framförum fjöltyngra barna í íslensku.	Halda áfram með innleiðingu hæfniramma	Sérkenn slustjóri, Deildar stjórar	Sept '25	Mai '26	Gátlisti hæfniramma	Betri færni í íslensku.
Myndrænt skipulag	Stuðla að betra öryggi barna án íslensku með notkun myndræns skipulags.	Allar deildar noti myndrænt dagskipulag ásamt lyklakippum til að nota með nýjum börnum sem hafa ekki tungumálið.	Sérkennslus tjóri, Deildar stjórar	Sept '25	Mai '26	Umræður á deildarstjórafundum	Öruggari börn, að börn hafi myndir sér til stuðnings til að geta tjáð sig.
Málörvun	Efla samveru stundir með fjölbreyttum hætti, skoða vel hvernig best er að stuðla að bættum orðaforða barnanna.	Huga betur að skiptingu hópa eftir þörfum barna, með styrkleika og gleði barnanna að leiðarljósi.	Sérkennslus tjóri, Deildar stjórar	Sept '25	Mai '26	Reglulegir fundir, deildarstjórafundir og deildarfundir.	Öll fjöltyngd börn fái málörvun eftir þörfum.





7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl:

Leikskólastjóri tók starfsþróunarsamtöl við starfsfólk á vormánuðum þar sem áherslan var lögð á að ræða m.a. líðan, samvinnu við samstarfsfólk, hvað gengur vel og hvað mætti ganga betur í starfinu.

Deildarstjórar tóku svo tvisvar sinnum snerpusamtöl við starfsmenn sinnar deildar.

Fræðsla:

Á skipulagsdegi í Október kom Lilja Ýr Halldórsdóttir hegðunarráðgjafi á Norðurmiðstöð með fræðslu fyrir starfsfólkið um hvernig má mæta erfiðri hegðun barna í leikskóla. Þar fór hún meðal annars yfir tengslareikninginn, fyrirmæli, sjónarænt dagskipulag og strúktúr.

Á skipulagsdegi í Nóvember kom Ævar frá Miðstöð útivistar og útináms og fræddi starfsfólk um útinám barna og þá möguleika sem útikennslan hefur fram á að bjóða. Hann fór einnig með okkur á útinámssvæðið okkar þar sem hann og starfsfólk ræddu hvað hægt væri að gera við útisvæðið ásamt því að höggva eldivið og kveikja eld.

Á skipulagsdegi í Mars komu Sóley og Sísi og kynntu stuðnings- og ráðgjafarteymi á vegum Reykjavíkurborgar þar sem þær voru bæði með fyrirlestur og vinnustofur fyrir starfsfólk.

Á skipulagsdegi í Maí fékk starfsfólk leikskólans hinsegin fræðslu sem hluti af því að verða Regnbogavottaður skóli.

Starfsfólk í námi skólaárið 2024-2025:

Einn starfsmaður var í grunnnámi í leikskólakennarafræðum

Tveir starfsmenn kláruðu meistaranám í leikskólakennarafræðum

Einn starfsmaður var í grunnnámi í uppeldis- og menntunarfræðum

Einn starfsmaður var í grunnnámi í grunnskólakennarafræðum

Námskeið:

Tveir starfsmenn sóttu námskeið í atferlisíhlutun

Tveir starfsmenn sóttu námskeið í náttúrulegri kennslu





8 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Elstu börn leikskólans fóru í nokkrar skipulagðar heimsóknir í Vogaskóla yfir vormánuðina þar sem þau fengu tækifæri á að kynnast grunnskólanum sínum, hitta kennara og gera skemmtileg verkefni.

Samstarf hefur verið við leikskólann Steinhlið þar sem elstu börn beggja leikskóla fóru til að mynda saman á Barnamenningarhátíð í Hörpunni

9 Foreldrasamvinna

Það er virkt foreldrafélag í Ævintýraborg Vogabyggð en í stjórn foreldrafélags sátu 5 foreldrar. Foreldrafélagið var með piparkökumálun í desember, svo fengum við Bernd Ogradnik til okkar með leiksýninguna Pétur og Úlfurinn í febrúar, og Krakkahestar komu á sumarhátíðina okkar.

10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar veturinn 2025-2026 verða:

26.september

28.nóvember

2.janúar

16.mars

13.maí

15.maí

Skráningardagar verða:

24., 27., og 28.október

29., og 30.desember

19., og 20.febrúar

30., 31.mars og 1.apríl

F. h. leikskólans Ævintýraborgar Vogabyggðar

Leikskólastjóri

Dagsetning





11 Fylgiskjöl

Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Ævintýraborg Vogabyggð

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna Bára Unnarsdóttir
Eyþór Agnarsson
Hjalti Valur Þorsteinsson





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, starfsáætlunin byggir á þeirri stefnu og áherslum sem mótaðar voru á síðasta starfsári.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já, starfsáætlunin er vel uppbyggð og skýr, með greinargóðu efnisyfirliti og vel aðgreindum köflum. Hver hluti er vel útskýrður og textinn er skrifaður á mannamáli, sem auðveldar foreldrum að skilja áherslur, markmið og framkvæmd starfa. Á blaðsíðum 8, 11 og 12 mætti laga myndir svo þær skarist ekki við textann.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, starfsáætlunin veitir mjög góða innsýn í starfsemi leikskólans. Þar kemur fram hvernig unnið er á hverri deild, bæði með dæmum um daglegt starf og með markvissum umbótaáætlunum. Einnig eru lýsingar á samstarfi leikskólans við foreldra, sérkennslu, fjöltyngi og samstarfi við aðra skóla.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Starfsáætlunin er faglega unnin og ítarleg, en eftirfarandi mætti íhuga:

- Hægt væri að einfalda framsetningu á sumum töflum og umbótaáætlunum til að gera þær sjónrænt skýrari fyrir foreldra.
- Einnig mætti nefna hvernig foreldrar geta tekið virkan þátt í umbótaverkefnum eða fylgst með framvindu þeirra yfir skólaárið.

Foreldraráð leggur til að leikskólinn bjóði upp á fræðslu fyrir foreldra um skjátíma og áhrif hans á þroska ungra barna. Samkvæmt leiðbeiningum [Embættis landlæknis](#) er mælt með að forðast allan skjátíma hjá börnum yngri en tveggja ára og að takmarka skjátíma barna á aldrinum 2–5 ára.

Leikskólabörn læra best í gegnum hreyfingu, leik og samskipti við fullorðna og önnur börn, og því er mikilvægt að forðast að skjár komi í stað þessarar reynslu.

Of mikil skjánotkun getur:

- haft neikvæð áhrif á málþroska og orðaforða, þar sem börn fá minni tíma til raunverulegra samskipta,
- truflað svefn og athygli, sérstaklega ef skjárinn er notaður seint dags,





- hamlað eðlilegri hreyfipörf og leikgleði, ef skjátími kemur í stað virkrar leiks og útiveru,
- og dregið úr tengslum foreldra og barna ef skjár er notaður sem barnfóstra eða til að róa barnið þegar það er í uppnámi.

Embætti landlæknis leggur áherslu á að ungt barn þurfi að læra að takast á við eigin tilfinningar án skjás, og að foreldrar séu fyrirmyndir með því að skapa skjálaus augnablik, samveru og leik.

Mælt er með að:

- skjár sé ekki notaður sem barnfóstra eða róandi þáttur,
- horft sé með barninu þegar efni er sýnt og rætt um það,
- og að reglulegar skjálausar stundir séu hluti af daglegu lífi fjölskyldunnar.

Fræðsla af þessu tagi gæti veitt foreldrum hagnýta leiðsögn um heilbrigðar skjávenjur, reglur heimilisins og val á efni sem hentar aldri og þroska barna. Hún myndi einnig styðja við markmið leikskólans um að efla vellíðan, félagsfærni og samskipti barna bæði innan leikskólans og á heimilum þeirra.

Fulltrúar í foreldraráði og undirskriftir:

Anna Bára Unnarsdóttir

Eyþór Agnarsson

Hjalti Valur Þorsteinsson





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.





Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Ævintýraborg Vogabyggð

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ		
1	F		1 M	1 M		1 L		1 M	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 S		1 S		1 M	Skráningardagar	1 F	Verkalýðsdagurinn	1 M		1 M		
2	L		2 Þ	2 F		2 S		2 Þ		2 F	Skipulagsdag	2 M		2 M		2 F	Skírdagur	2 L		2 Þ		2 F		
3	S		3 M	3 F		3 M		3 M		3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	Föstudagurinn langi	3 S		3 M		3 F		
4	M	Friðdagur verslunarmanna	4 F	4 L		4 Þ		4 F	Jólalegur dagur / Fjölskyldukaffi	4 S		4 M		4 M		4 L		4 M		4 F		4 L		
5	Þ		5 F	5 S		5 M		5 F		5 M		5 F	Fjölskyldukaffi Dagur leikskólans	5 F		5 S	Páskadagur	5 Þ		5 F		5 S		
6	M		6 L		6 M		6 F		6 L	6 Þ	Þrettándinn	6 F		6 F		6 M	Annar í Páskum	6 M		6 L		6 M		
7	F		7 S		7 Þ		7 F		7 S	7 M		7 L	Dagur tónlistarskólans	7 L		7 Þ		7 F		7 S	Sjómannadagurinn	7 Þ		
8	F		8 M	Dagur læsis	8 M		8 L	Baráttudagur gegn einelti	8 M	8 F		8 S		8 S		8 M		8 F		8 M		8 M		
9	L		9 Þ		9 F		9 S		9 Þ	9 F		9 M		9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F		
10	S		10 M		10 F		10 M		10 M	10 L		10 Þ		10 Þ		10 F		10 S		10 M	Skólaslit grunnskóla	10 F		
11	M		11 F		11 L		11 Þ		11 F		11 S		Dagur íslenska táknmálsins	11 M		11 L		11 M		11 F		11 L		
12	Þ		12 F		12 S		12 M		12 F	Jólasaga	12 M		12 F		12 F		12 S		12 Þ		12 F		12 S	
13	M		13 L		13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 F		13 M		13 M	Skipulagsdag	13 L		13 M	
14	F		14 S		14 Þ		14 F	Þröttadagur	14 S	14 M		14 L		14 L	Dagur stærðfræðinnar	14 Þ		14 F	Uppstigningardagur	14 S		14 Þ		
15	F		15 M		15 M		15 L		15 M	15 F		15 S		15 S		15 M		15 F	Skipulagsdag	15 M		15 M		
16	L		16 Þ	Dagur íslenskrar náttú	16 F		16 S	Dagur íslenskrar tungu	16 Þ		16 F		16 M	Bolludagur	16 M	Sameiginlegur skipulagsdagur	16 F		16 L		16 Þ		16 F	
17	S		17 M		17 F		17 M		17 M	Jólaball	17 L		17 Þ	Sprengidagur	17 Þ		17 F		17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 F	
18	M		18 F		18 L		18 Þ		18 F	18 S		18 M	Óskudagur	18 M		18 L		18 M		18 F		18 L		
19	Þ		19 F		19 S		19 M		19 F	19 M		19 F	Skráningardagar	19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S		
20	M	Aðlögun milli deilda	20 L		20 M		20 F	Dagur mannréttinda	20 L	Leikskólinn 3 ára	20 Þ		20 F	Skráningardagar	20 F	Alþjóðadagur Downs	20 M		20 M		20 L		20 M	
21	F		21 S		21 Þ		21 F		21 S	21 M		21 L		21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ		
22	F	Skóasetning grunnskóla	22 M		22 M	Bleikur dagur	22 L		22 M	22 F		22 S	Konudagur - upphaf	22 S		22 M		22 F	Umhverfisdagur	22 M		22 M		
23	L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	Þorláksmessa	23 F	Bóndadagur - fyrsti dagur þorra	23 M		23 M		23 F	Sumardagurinn fyrsti	23 L		23 Þ		23 F	
24	S		24 M		24 F	Skráningardagur	24 M		24 M	Aðfangadagur jóla	24 L		24 Þ		24 Þ		24 F		24 S	Hvítasunnudagur	24 M		24 F	
25	M	Fyrsta aðlögun	25 F		25 L	Fyrsti vetrardagur	25 Þ		25 F	Jóladagur	25 S		25 M		25 M		25 L		25 M	Annar í Hvítasunnu	25 F		25 L	
26	Þ		26 F	Sameiginlegur skipulagsdagur	26 S		26 M		26 F	Annar í jólum	26 M		26 F		26 F		26 S		26 Þ		26 F		26 S	
27	M		27 L		27 M	Skráningardagur	27 F		27 L				27 F	Dagur einstakra barna	27 F		27 M		27 M		27 L		27 M	
28	F		28 S		28 Þ	Skráningardagur	28 F	Sameiginlegur skipulagsdagur	28 S		28 M		28 L		28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ	
29	F		29 M		29 M		29 L		29 M	Skráningardagur	29 F				29 S	Pálmasunnudagur	29 M		29 F		29 M		29 M	
30	L		30 Þ		30 F		30 S		30 Þ	Skráningardagur	30 F				30 M	Skráningardagar	30 F		30 L		30 Þ		30 F	
31	S				31 F	Hrekkjavaka			31 M	Gamlársdagur	31 L				31 Þ	Skráningardagar			31 S				31 F	

Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagur nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.